

ÞRÓUNARSJÓÐUR INNFLYTJENDAMÁLA

Háskóla­setur Vestfjarða f.h.
Velferðarráðuneytis
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Ísland

Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði innflytjendamála

1. Heiti verkefnis:

Aukinn stuðningur við nemendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra

2. Umsækjandi

Nafn	Langanesbyggð / Arnfríður Aðalsteinsdóttir/María Guðmundsdóttir/Halldóra Jóhanna Friðberg­sdóttir		
Kennitala	420369-1749		
Heimilisfang	Fjarðarvegur		
Starf	Skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn		
Stofnun			
Sími		Farsími	
Netfang			

3. Framkvæmdaraðili (ef annar en umsækjandi)

Nafn	Halldóra Jóhanna Friðberg­sdóttir		
Kennitala	030580-3119		
Starf	Skólastjóri Leikskólans Barnabóls á Þórshöfn	Sími	468-1303
Netfang	barnabol@langanesbyggd.is	Farsími	862-4371

Nafn	Hilma Steinarsdóttir		
Kennitala	021076-4309		
Starf	Grunnskólakennari	Sími	
Netfang	hilma@thorshafnarskoli.is	Farsími	864-2139

Nafn	María Guðmundsdóttir		
Kennitala	170572-4089		
Starf	Skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði	Sími	473-1618
Netfang	maria@langanesbyggd.is	Farsími	857-7400

4. Samstarfsaðilar og/eða aðrir þátttakendur

Nafn	Starf	Stofnun	Netfang
Hulda Karen Daniélsd	kennsluráðgjafi	Menntamálaráðuneyti	hulda.karen.danielsdottir@reykjavik.is
Ingveldur Eiríksdóttir	Skólastjóri	Grunnskólinn á Þórshöfn	ingveldur@thorshafnarskoli.is
Magdalena Zawodna	Leikskólakennari	Leikskólinn Barnaból	magda@langanesbyggd.is
Ina Leverköhne	Grunnskólakennari	Grunnskólinn á Þórshöfn	ina@thorshafnarskoli.is
Halldóra Sigríður Ágústsdóttir	Leiðbeinandi	Grunnskólinn á Þórshöfn	halldora@thorshafnarskoli.is

5. Útdráttur: Stutt lýsing á verkefni og helstu niðurstöðum, til birtingar á www.uwestfjords.is (250-300 orð)

Heiti verkefnis: Aukinn stuðningur við nemendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra

Nafn styrkþega: Langanesbyggð

Útdráttur:

Um þetta verkefni sóttu skólarstjórar Langanesbyggðar 2011-2012. Um vorið var ljóst að skólastjórinn á Þórshöfn var að hætta störfum og kom þá grunnskólakennari inn í hans stað.

Verkefnastjórar urðu Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, leikskólastjóri Barnabóls, Hilma Steinarsdóttir grunnskólakennari í Grunnskólanum á Þórshöfn og María Guðmundsdóttir skólastjóri í Grunnskólanum á Bakkafirði.

Byrjað var að kalla saman rýnihóp og gerð þarfagreining.

Útbjuggu verkefnastjórar bæklinga með ýmsum upplýsingum um Langanesbyggð, þessir bæklingar eru á íslensku, pólsku, þýsku og ensku. Þessir bæklingar voru prentaðir út og settir í þjónustumiðstöðina á Þórshöfn og skrifstofu Langanesbyggðar. Þeir eru einnig aðgengilegir á heimasíðu Langanesbyggðar.

Keypt voru sérkennsluforrit fyrir Grunnskólann á Þórshöfn, bæði fyrir nemendur og einnig fyrir kennara til að útbúa t.d. myndrænar stundatöflur og fleira. Þessi forrit heita Clicker og Boardmaker. Keyptur var Ipad fyrir Grunnskólann á Bakkafirði og ýmis hjálpargögn/spil fyrir leikskólann Barnaból.

Ákveðið var að virkja „Móttaka innflytjenda í skóla“ og „Fjölmenningsstefna“ sem Eyþing gaf út 2009 en þessi áætlun og stefna hefur ekki skilað sér til skólanna áður. Mun móttökuáætlun verða sett í skólanámskrár skólanna.

Ákveðið hefur verið að þýða upplýsingar úr skólanámskrám og/eða foreldrahandbókum skólanna í Langanesbyggð. Unnið er að nýjum námskrám og verða upplýsingar þýddar þegar

þær koma út.

Haft við samband við Huldu Karen Daniélsdóttur kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu og heimsótti hún skólana og hitti fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur.

Ákveðið var að stofna fjölmeningarfélag í Langanesbyggð. Hulda Karen mætti á stofnfund og var með gott innlegg, góð ráð og hugmyndir fyrir félagið.

Á heimasíðu Langanesbyggðar var stofnaður sér hnappur sem heitir „Fjölmening“. Þar inni eru myndir, linkar á gagnlegar heimasíður, bæklingarnir sem útbúnir voru og munu meiri upplýsingar safnast þar inn. Þegar þýðing á upplýsingum úr skólanámskrá verður lokið mun það fá pláss þarna undir, fréttir fjölmeningafélagsins og fleira sem við kemur fjölmeningu.

- 6. Abstract:** Short description of the project in English, to be published on www.uwestfjords.is. (250-300 words) *Optional*

Project Title: Additional support for immigrant students and their families

Name of Grantee: Langanesbyggð

Abstract:

The working headmistresses of Langanesbyggð in 2010-2011 applied for this project. The following spring it became known that the headmistress of the primary school in Þórshöfn was leaving and therefore a teacher from the same school would take her place.

The project managers became; Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir headmistress of Barnaból, the local nursery school, Hilma Steinarsdóttir primary school teacher from the primary school in Þórshöfn and María Guðmundsdóttir headmistress of the primary school in Bakkafjörður.

They started by arranging a focus group and performing a needs analysis.

The project managers then prepared pamphlets containing information about Langanesbyggð. These pamphlets are in Icelandic, Polish, German and English. The pamphlets were printed and placed both in the service centre of Þórshöfn and the county office of Langanesbyggð. They are also available on the official website for Langanesbyggð.

Special needs computer programmes were bought for the primary school in Þórshöfn, intended both for students as well as teachers where, for example, graphical timetables can be made. These programmes are called *Clicker* and *Boardmaker*. An iPad was bought for the primary school in Bakkafjörður and a variety of aids/board games for the nursery school Barnaból.

It was decided to put into practice “The reception of immigrants in schools” and “Multicultural policy”, published by Eyþing in 2009, which has not been used in the schools before. A reception plan and policy will be added to the schools curriculums.

A decision was made about translating information from school curriculums and/or parental guidance books in Langanesbyggð. New curriculums are being made and that information will be translated before publication.

Hulda Karen Daníelsdóttir, an educational counsellor for multiculturalism, was contacted who visited the schools and met with the staff, parents and students.

Next it was decided to found a multicultural association in Langanesbyggð. Hulda Karen was there for the inaugural meeting and contributed with good advice as well as giving ideas for the association.

On the official website for Langanesbyggð a button has been added marked “Multiculturalism”. There you will find pictures, links for useful websites, the pamphlets that were made and more information will be added there in the future. When the translation of the school curriculum is finished it will be placed under that particular button as well as any news relating the Multicultural association or anything regarding multiculturalism.

7. Rannsóknar- eða verkefnisskýrsla: Inngangur, aðferðir, niðurstöður, áskoranir (allt að 1000 orð)

Inngangur

Upphafið að þessu verkefni var hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna í skólum Langanesbyggðar. Hlutfallið var sirka 25% af erlendum uppruna og meirihlutinn frá Póllandi. Það var mikil þörf á að veita þessum fjölskyldum betri upplýsingar og tengja heimilin og skólana betur saman.

Verkefnið hófst ekki af alvöru fyrr en í janúar 2013, fyrir því voru ýmsar ástæður m.a. starfsmannabreytingar. En þegar verkefnið komst í gang gekk það vel. Þrjár skólar eru í Langanesbyggð þ.e. Leikskólinn Barnaból, Grunnskólinn á Þórshöfn og Grunnskólinn á Bakkafirði.

Aðferðir

Í maí 2012 skoðuðum við hvað myndi kosta að láta Þekkingarnet Þingeyinga gera þarfagreiningu, fannst okkur það of dýrt og féllum frá því. Í janúar 2013 sendum við út dreifibréf til allra foreldra barna af erlendum uppruna og sögðum frá verkefninu og að þau mættu eiga von á að vera kölluð í rýnihóp.

Næsta skref var svo rýnihópurinn og var sá fundur haldinn 6.febrúar. Þeim fundi stjórnaði Ingveldur Eiríksdóttir og við verkefnastjórnarnir vorum meira að hlusta og skrá niður. Við völdum í rýnihópinn og hér sést skiptingin, fjórir frá Póllandi, einn frá Hollandi og einn frá Þýskalandi.

Mirjam (frá Hollandi) – 24 ár á Íslandi

Kristofer (frá Póllandi) – 13 ár á Íslandi

Semek – (frá Póllandi) 6,5 ár á Íslandi

Stanislawa Burba (frá Póllandi) – 8 ár á Íslandi

Marta Uscio (frá Póllandi) – 12 ár á Íslandi

Ína (frá Þýskalandi) - ár á Íslandi

Margt gagnlegt kom fram á þessum fundi og út frá því var haldið. Fólk fagnaði þessu framtaki og greinileg þörf kom fram á fundinum.

Hægt var að nálgast verkefnið frá ótal hliðum og settumst við yfir það hvornig best væri að vinna hlutina áfram.

Við ákváðum að gera móttökuáætlun fyrir skólana og í þeirri vinnu rekumst við á „Móttaka innflytjenda í skóla“ og „Fjölmenningsstefna“ sem Eyþing gaf út 2009 en þessi áætlun og stefna hefur ekki skilað sér til skólanna okkar. Ákveðið var að virkja þessa áætlun og hver skóli aðlagi hana að sínu starfi.

Við fórum þá í að gera bæklinga með upplýsingum um helstu fyrirtæki, félög, tómsundur og fl.á íslensku, ensku, pólsku og þýsku. Við fengum að setja inn hnapp á heimasíðu langanesbyggðar sem kallast fjölmennings og þar má finna þessa bæklinga ásamt teglum á gagnlegar síður, fréttir o.fl.

Nú ákváðum við að snúa okkur beint að skólustarfinu og veltum fyrir okkur hvað vantaði helst í hvern skóla sem nýttist í kennslu nemenda af erlendum uppruna.

Við keyptum tvö forrit, Boardmaker og Clicker 6 fyrir Grunnskólann á Þórshöfn. Hið fyrrnefnda er notað til að búa til allskonar myndrænt skipulag s.s. stundatöflur/dagskipulag. Einnig er það mikið notað í sérkennslu til að útbúa allskonar spil og sérkennsluefni. Clicker er verðlaunaforrit í læsi. Það gerir nemendum, á ólíkum getustigum, kleift að þróa og þroska hæfni sína í læsi og ritun. Það gerir Clicker með því að gera nemendum mögulegt að vinna í þverfaglegum verkefnum með texta, myndir og talendurgjöf.

Fyrir Grunnskólann á Bakkafirði keyptum við Ipad sem mun nýtast við sérkennslu og mun skólustjóri afla forrita og gagna sem nýtast nýbúum.

Leikskólinn Barnaból fékk ýmis hjálpargögn/spil sem nýtast beint sem stuðningur við nemendur af erlendum uppruna.

Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu kom til Þórshafnar. Hún fundaði með öllum kennurum leikskólans og Grunnskólans á Þórshöfn en komst því miður ekki til Bakkafjarðar. Hún var með flotta fræðslu sem kennararnir voru ánægðir með. Hún hitti einnig alla foreldra erlendra barna og ræddi meðal annars um hvað væri gott skólaforeldri. Það var mjög góð mæting á þessa fundi og hún náði vel til fólksins. Við höfðum túlk á fundinum með foreldrum þannig að allir skyldu allt sem fram fór.

Ákveðið var að þýða ákveðin gögn frá skólunum s.s. foreldrahandbók leikskólans en þar er að finna hagnýtar upplýsingar um leikskólann s.s. frídaga, hvað á að hafa með sér o.s.frv. Eitthvað sambærilegt verður þýtt frá Grunnskólunum.

Í þessari vinnu ræddum við um mikilvægi þess að vinnan héldi áfram eftir að verkefninu lyki, þá sérstaklega tenging milli fólksins. Í rýnihópnum kom fram að fólki fannst vanta einhvern, jafnvel félag, sem héldi utan um ákveðna hluti varðandi nýbúa í Langanesbyggð.

Við ákváðum því að koma að stofnun fjölmenningsfélags á staðnum sem tæki að sér í framhaldinu að sjá um ýmis málefni og stuðning við nýbúa, erlenda sem innlenda.

Héldum við kynningarfund á verkefninu og var félagið stofnað á þeim fundi. Boðið var upp á veitingar, fyrir fullorðna og börn því allir voru velkomnir.

Fundurinn var auglýstur á fjórum tungumálum með dreifibréfi í öll hús í langanesbyggð. Einnig var hringt og auglýst á veraldarvefnum. Mætingin var mjög góð en yfir 30 manns komu. Hulda Karen talaði aðeins á fundinum um mikilvægi þess að að samfélög blandist og það að draga fram það sem við eigum öll sameiginlegt fremur en það sem skilur okkur að.

Fjölmenningsfélagið var stofnað þann 12. nóvember 2013, kosið var í 7 manna stjórn og var mikil stemmning og hugur í fólki.

Niðurstöður

Markmiðin voru að vinna úr því sem kom fram í þarfagreiningu en þar kom skýrt fram að upplýsingar þyrftu að vera aðgengilegri hjá skólum og sveitarfélagi. Einnig kom þar fram hugmynd um félag sem héldi utan um fólk sem nýflutt er í Langanesbyggð. Fólki fannst vanta skipulagt ferli til að taka á móti fólki í Langanesbyggð, í skólunum sem og í samfélaginu.

Útbjuggum við þá bæklingana og fengum pláss á heimasíðu Langanesbyggðar og ákveðið var að stofna fjölmenningsfélag sem héldi áfram að vinna í þessum málum. Það félag mun sjá um svæðið á heimasíðunni, að uppfæra og halda áfram að safna saman gagnlegum upplýsingum.

Skólunum vantaði hentugri kennslugögn og tæki og var misjafnt á milli skóla hvað vantaði. Keypt voru tæki og gögn fyrir hvern skóla.

Ákveðið var að þýða upplýsingar úr skólanámskrám og foreldrahandbókum og hafa þær upplýsingar aðgengilegar á heimasíðum.

Ákveðið var að virkja móttökuáætlun Eyþings og stefnu og mun hver skóli gera það að sínu og setja fram í skólanámskrá.

Höfum við því náð þeim markmiðum sem við settum okkur.

Áskoranir

Helsta áskorunin var að finna þá leið sem myndi henta öllum hópum og skila sér best. Það var frekar erfitt að fá einhvern sem vildi taka að sér forystu hlutverk t.d. í fjölmenningsfélaginu. Við áttum einnig í erfiðleikum með að fá fólk í að þýða gögn. En í heildina gekk þetta vel og svo er að sjá hvernig skólarnir nýta þau verkfæri og tæki sem við gáfum þeim.

8. Mat á verkefni: Telurðu að verkefnið hafi náð tilætluðum árangri? Hvernig var verkefnið/rannsóknin metið?

Við teljum að verkefnið hafi tekist vel. Í upphafi var markmiðið að vinna út frá því sem kæmi í ljós í þarfagreiningunni. Þar fannst fólki vanta upp á að það væri einhver sem „héldi utan um þá“ sem nýir eru í Langanesbyggð.

Þess vegna var ákveðið að stofna fjölmenningsfélag, til að vinnan héldi áfram og einhver haldi utan um þessi málefni. Það hversu fólk var jákvætt úr í stofnun félagsins og eins hvað það var góð mæting foreldra á fund með Huldu Karen sýnir að við náðum til fólksins, sem hlýtur að vera fyrsta skrefið.

Í rýnihópnum kom einnig skýrt fram að upplýsingar þyrftu að vera meiri og skýrari. Lögðum við því áherslu á upplýsingaöflun og þýðingar, sem og sérkennsluforrit sem nýtist við myndrænar framsetningar.

Við söfnuðum saman ýmsum gagnlegum heimasíðum/vefslóðum og gerðum þær aðgengilegar í gegn um heimasíðu sveitarfélagsins svo fólk geti nýtt sér þær, í skóla sem og heima, kennarar sem foreldrar. Aukinn þekking á tvítýngi hjálpar mikið og sést strax í öllu skólastarfi.

Í sjálfu sér vorum við ekki með neitt haldbært mælingartæki en markmiðunum var náð og viðbrögðin hafa verið mjög góð. Þetta var greinilega mjög þarft verkefni og árangurinn á kannski bara eftir að koma betur í ljós. Upplýsingagjöf er betri, foreldrar munu geta nálgast helstu upplýsingar um skólann á pólsku og ensku, sérstakt vefsvæði er á heimsíðu langanesbyggðar, móttökuáætlun verður gerð virk og skólarnir voru eflir með auknum tækjabúnaði, spilum eða hverju því sem vantaði upp á.

9. Kynning á verkefni: Hvernig hefur verið staðið að kynningu verkefnisins/rannsóknarinnar?

Á heimasíðu Langanesbyggðar höfum við fengið sér hnapp sem heitir Fjölmennning. Þar inni má sjá bæklinga, myndir, slóðir á gagnlegar heimasíður og fréttir. Þarna munu safnast meiri upplýsingar með tímanum.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur fengið sendar upplýsingar um verkefnið. Send var kynning og auglýsing í öll hús fyrir kynningar- og stofnfund fjölmenningsfélagsins.

10. Fjárhagsuppgjör verkefnisins (Til dæmis laun, rekstrar- og skrifstofukostnaður, ferðakostnaður, útgáfa, prentun o.s.frv.)

Kostnaðarliður*	Upphæð
Nefndarlaun	300.000
Boardmaker – sérkennsluforrit - GP	67.996
Clicker – sérkennsluforrit - GP	35.996
Ipad - GB	123.231
Spil/hjálpartæki og fl - Barnaból	55.400
Hjálpartæki, Raddlist - Barnaból	45.700
Dreifing auglýsing	2.583
Þýðing - bæklingar	20.000

Veitingar - kynningarfundur	30.000
Veitingar - kynningarfundur	8.220
Veitingar - kynningarfundur	7.500
Fundargerðarbók	4858
Mótframlag**	
Akstur nefndarmanns (Bakkafj-Þórshöfn)	27.000
Prentun auglýsingar	6.300
Prentun bæklingar	24.000
Þórsver – leiga félagsheimili	30.000
Heimasíða Langanesbyggðar	30.000
Þýðingar – skólanámskrá/foreldrahandbækur	100.000
Samtals heildarkostnaður við verkefni	918.784

* Frumrit eða ljósrit af kvittunum fylgi með.

** Mótframlag þarf að vera a.m.k. 25% af heildarkostnaði verkefnis.

11. Skrá yfir fylgiskjöl ef við á

Bæklingur – ísl-þýska
Bæklingur – ísl-enska
Bæklingur – ísl-pólska
Reikningar – Kostnaðarliðir

Lokaskýrsla þessi er fyllt út í samræmi við reglur sjóðsins um úthlutun styrkja, en þær eru að finna á heimasíðu velferðarráðuneytisins.

Dagsetning

Ábyrgðarmaður umsóknar

**Lokaskýrslu skal skila til Háskólaseturs Vestfjarða
í tölvupósti til pernilla@uwestfjords.is**